

Alþingi
Erindi nr. P 140/1870
komudagur 18.4.2012



Alþingi/Atvinnuveganefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Hornafirði, 18. apríl 2012
nr. erindis 201105020 HÞV

Málefni: Umsögn bæjarráðs Hornafjarðar um frumvarp til breytinga á stjórn fiskveiða, mál nr. 657 og umsögn um frumvarp til laga um veiðigjöld, mál nr. 658.

I. Inngangur

Undanfarin misseri hafa bæjarráð og bæjarstjórn Hornafjarðar samþykkt nokkrar bókanir um fiskveiðistjórnunarmál. Í þeim öllum hefur verið lögð áhersla á að leita beri sátta meðal þjóðarinnar og hagsmunaaðila um málið, að breytingar skaði ekki sjávarbyggðir landsins og byggja fiskveiðistjórnunarkerfið á niðurstöðu „Sáttanefndar“ í sjávarútvegsmálum sem skilaði af sér haustið 2010.

Bæjaryfirvöld á Hornafirði hafa fylgst eins náið og þau hafa átt kost á með umræðu og vinnu tengda breytingum á lögum um fiskveiðistjórnun. Sjávarútvegur, afkoma greinarinnar og þróun hennar, skiptir sveitarfélagið og samfélagið allt gríðarlega miklu máli enda er greinin meginstoð atvinnulífs á staðnum. Á síðustu árum hefur vinnsla aukist mjög á Hornafirði auk þess sem útflutningsfyrirtæki sem stofnað var fyrir fáum árum með aðsetur í sveitarfélaginu sér um útflutning á stærstum hluta afurða frá staðnum. Fjöldi starfa telur hundruð og fjöldi fyrirtækja er starfa í eða í tengslum við greinina tugi. Afleidd störf eru fjölmörg í flutningum, vélsmíði auk þjónustugreina ýmiss konar.

Bæjarráð Hornafjarðar tekur undir meginmarkmið frumvarpa sjávarútvegs – og landbúnaðarráðherra um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu er lúta að því að skerpa á þeim skilningi að þjóðin sé eigandi auðlindarinnar, að nýtingarrétturinn sé tímabundinn með þeim fyrirvara að endurnýjun nýtingarsamninga sé skýr. Einnig tekur bæjarráð Hornafjarðar undir það markmið frumvarpanna að þjóðin njóti afkasturs af nýtingu auðlindarinnar í meira mæli en nú er þó bæjarráð Hornafjarðar telji nauðsynlegt að til komi veruleg lækkun á fyrirhuguðum veiðigjöldum eins og þau Hornafjarðar undirstrika að taka þarf ákveðnar greinar í frumvörpunum til gagn Gerrar endurskoðunar.

II. Áhrif frumvarpanna á Hornafjörð

Í því skyni að greina með skýrum hætti áhrif á samfélagið fékk sveitarfélagið KPMG ehf. til að meta áhrif frumvarpa til breytinga á stjórn fiskveiða á Hornafjörð. Meginniðurstöður úr þeirri vinnu eru kynntar hér að neðan en auk þess fylgir skýrsla KPMG um áhrif frumvarpanna með umsögninni. Athuganir KPMG sýna að breytingar þær sem kynntar eru í málum nr. 657 og 658 munu hafa veruleg neikvæð áhrif á sjávarútveg á Hornafirði og þar af leiðandi samfélagið. Hér að neðan verður gerð grein fyrir metnum áhrifum af hvoru frumvarpi fyrir sig.

Helstu niðurstöður í álitum KPMG um bein áhrif af máli nr. 657 verða að:

- Aflaheimildir dragast saman um 640 þorskígildistonn sem leiða til samdráttar í útsvarstekjum upp á 17 m.kr. frá því fiskveiðikerfi sem gildi fyrir gildistöku laga nr. 70/2011 og um 343 þorskígildistonn frá yfirstandandi fiskveiðiári ef miðað er við óbreytta úthlutun og eru þá veiðiheimildir í makríl ekki taldar með.
- Það mun kosta útgerðir um 200 m.kr. að leigja til sín heimildir af kvótaþingi til að verða jafnsettar og áður fyrir gildistöku laga nr. 70/2011 og rúmar 100 m. kr miðað við yfirstandandi kvótaár.
- Hlutur sveitarfélagsins af leigukvóta í gegnum kvótaþing verður talinn óverulegur ef miðað er við höfðatölu og mun ekki vega upp á móti lækkunar útsvars.

Helstu niðurstöður í álitum KPMG um bein áhrif af máli nr. 658 verða að:

- Grunnveiðigjald mun nema um 134 m.kr.
- Sérstakt veiðigjald án makrils á Hornafirði árið 2010 hefði numið um 1.018 m.kr. miðað við óbreytta úthlutun 2011/2012 og forsendur frumvarpsins.
- Veiðigjald á makríl hefði numið 150 m.kr.
- Veiðigjöld samtals nema því rúmum 1.300 m.kr.
- Veiðigjöld fiskveiðiársins 2011/2012 eru áætluð 178 millj. kr. að meðtöldum veiðigjöldum fyrir makríl árið 2011. Hækkun er því rúmlega sjöföld.

III. Umsögn um einstakar greinar í máli nr. 657 – frumvarp til laga um stjórn fiskveiða

ð.gr. Úthlutun samkvæmt aflahlutdeildum.

Niðurstaða sáttanefndar var sú að skipta ætti aflahlutdeildum í tvennt, annars vegar nýtingarsamninga og hins vegar svokallaða potta. Um það deilir ekki bæjarráð Hornafjarðar en vill undirstrika að greinin eins og hún er orðuð festir á engan hátt skiptingu á milli þessara tveggja flokka. Það er grundvallaratriði fyrir stöðugleika og þróun greinarinnar á Hornafirði, starfsmenn í landi og á sjó, eigendur fyrirtækja og alla íbúa á Hornafirði að ekki sé skert um of þær aflaheimildir sem nú eru á staðnum og þær lagðar í potta sem engin trygging er fyrir að skili sér aftur á staðinn. Því þarf bæði að festa hlutfall á milli potta og gæta þess að ekki verði gengið um of á hagsmuni byggðarlaga eins og Hornafjarðar.

Ennfremur er mikilvægt að benda á að greinin, eins og hún er orðuð, gefur ráðherra mikið svigrúm til að hlutast til um skiptingu þessara flokka á ári hverju. Gengur slíkt í berhögg við það það markmið að skapa stöðugleika í greininni og að skapa henni hagstætt og stöðugt rekstrarumhverfi.

9. gr. *Nytjastofnar utan aflahlutdeild.*

Í loka málsgrein greinarinnar segir:

„Þegar veiðireynsla hefur myndast í stöðugu umhverfi og að öðrum efnislegum forsendum uppfylltum flytur ráðherra frumvarp til laga um úthlutun aflahlutdeilda í viðkomandi nytjastofni. Tekið skal mið af veiðireynslu, bæði fyrir og eftir gildistöku laga þessara, réttmætum hagsmunum þeirra sem hófu veiða, verðmætamyndum og heildarmarkmiðum laganna“

Ekki verður af orðalagi greinarinnar séð hvernig slík úthlutun fer fram enda virðist ráðherra nokkuð í sjálfsvald sett hvernig frumvarp hans til úthlutunar veiðiheimilda er gert úr garði. Ekki verður ráðið af greininni að hún veiti þeim sem veiðireynslu afla nokkra tryggingu fyrir að tekið sé tillit til þeirrar reynslu við úthlutun aflaheimilda nema að litlu leiti. Í þessu samhengi má nefna að á Hornafirði hefur umtalsverð veiðireynsla á makríl myndast og námu úthlutaðar veiðiheimildir í makríl á árinu 2011 um 1700 þorskígildistonn. Heildarveiðiheimildir í öðrum tegundunum á fiskveiðiárinu 2011/2012 voru um 17.000 þorskígildistonn. Hefur hér verið um mjög verðmæta viðbót að ræða sem hefur gefið færi á því að nýta enn betur þær fjárfestingar, hús og tæki sem eru á staðnum.

11. gr. *Leyfi til að nýta aflahlutdeild.*

Greinin fjallar um nýtingarleyfi og tekur meðal annars á endurnýjun þeirra sem sérfræðingar hafa talið grundvallaratriði við útfærslu samningaleiðarinnar. Því til rökstuðnings bendir bæjarráð á *Greinargerð um hagræn áhrif af frumvarpi til nýrra laga um stjórn fiskveiða samkvæmt þingskjali 1475* sem unnin var af sérfræðihóp skipuðum af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og skilaði niðurstöðum þann 14. júní 2011. Þar segir meðal annars að *„lykilþættir í samningaleiðinni eru tímallengd nýtingaréttar og ákvæði um endurnýjun. Takmörkuðum úthlutunartíma fylgja vandamál. Ekki skapast skilyrði til langtímahugsunar hjá nýtingaraðila ef úthlutunartími er stuttur. Þetta er svokallaður leigjendavandi. Draga má úr þessum neikvæðu afleiðingum með því að lengja nýtingartíma eða með því að auðvelda endurnýjun, t.d. með setningu almennra viðmiðana um skilyrði endurnýjunar sem liggja fyrir með rúmum fyrirvara.“*

Grein 11 eins og hún hljóðar eyðir engri óvissu fyrir íbúa í sjávarbyggðum til lengri tíma litið því samkvæmt henni er Alþingi gefin sú heimild að með samþykki almennrar þingsályktunartillögu megi kollvarpa kerfinu að fimm árum liðnum. Af þessari óvissu mun hljótast neikvæðar afleiðingar fyrir þróun byggðar og sjávarútvegs á Hornafirði þar sem dregið er mjög úr hvata til langtímahugsunar og uppbyggingar greinarinnar. Grunnhugmynd samningaleiðar er að hafa endurnýjun samninga skýra gagnvart þeim sem stunda sannarlega útgerð og vinnslu af heilum hug þannig að þeir geti skipulagt rekstur og fjárfestingar fram í tímann. Eitt markmið með breytingu á stjórnun fiskveiða var að tryggja meiri stöðugleika í sjávarbyggðum. Þeim stöðugleika er ekki síður ógnað með óvissu um endurnýjun samninga en óheftu framsali aflaheimilda.

12. gr. *Framsal aflahlutdeilda*

Athygli er vakin á því að ekki eru heimiluð án skerðingar aflaheimilda jöfn skipti á aflaheimildum milli fyrirtækja. Þegar á sama tíma eru heimiluð jöfn skipti á aflamarki

tegunda. Nauðsynlegt kann að vera fyrir útgerðir að skipta á tegundum vegna breytinga á búsvæðum fiskstofna s.s. vegna breytingar á meðafla eða til að tryggja hagkvæma sókn í fiskistofna. Nærtækt dæmi er til að mynda flutningur göngusvæða síldar frá Austurlandi til Vesturlands, þar sem sókn minni útgerða á Austurlandi á síldveiðar varð óhagkvæm.

Ákvæði til bráðabirgða II. um skerðingu aflaheimilda

Bæjarráð Hornafjarðar gerir verulegar athugasemdir við þá miklu skerðingu sem ákvæðið hefur í för með sér fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð, alls um 640 þorskígildistonn. Þá eru sérstakar athugasemdir gerðar við það að beinlínis sé gert ráð fyrir að þær útgerðir sem sterkar eru í öðrum tegundum en tilgreindar eru í ákvæðinu (til dæmis í humri, síld og loðnu sem er allt áberandi í samsetningu afla á Hornafirði) skulu koma til skerðingar með sama hætti og botnfiskur. Eðlilegt er, fyrst á annað borð menn vilji halda úti byggðakvóta, strandveiðum og öðrum slíkum aðgerðum, að tegundir sem ekki falla undir slíkar úthlutanir leggi ekki til þeirra með sama hætti og botnfiskur. Slíkt veikir staði sem sterkir eru í öðrum tegundum eins og Hornafjörður.

Veiðar og vinnsla á botnfiski er með allt öðrum hætti en veiðar og vinnsla á uppsjávarfiski. Miklu hefur verið kostað til á undanförunum árum að byggja upp tæknilega, afkastamikla og sérhæfða vinnslu fyrir uppsjávartegundir í Sveitarfélaginu Hornafirði sem og á fáeinum öðrum stöðum á landinu. Þessar fjárfestingar eru dýrar og ekki þarf að minna á að miklar breytingar eru á aflaheimildum milli vertíða. Eins og að ofan greinir á skerðingu í uppsjávarveiði á að mæta með innlögnum af botnfiskheimildum í kvótapiing þannig að hlutdeild staðarins í botnfiski mun dragast enn meira saman en ella. Það dregur jafnframt úr þeirri sveiflujöfnun í rekstri útgerðar og vinnslu sem fjölbreytt samsetning aflaheimilda hefur í för með sér. Allt leiðir þetta að sama stað, óstöðugleiki í greininni allri vex.

IV. Umsögn um einstakar greinar í máli nr. 658 – frumvarp til laga um veiðigjöld

8. gr. Sérstakt veiðigjald

Hið sérstaka veiðigjald er himinhátt og lamandi fyrir þróun sjávarútvegs og byggðar í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Í Sveitarfélaginu Hornafirði bjuggu þann 1. janúar 2012 alls 2.143 íbúar og þar af 1.668 á Höfn þar sem útgerð og vinnsla sjávarafurða fer fram. Eins og að ofan greinir hefðu veiðigjöld á árinu 2010 numið rúmlega 1.300 m.kr. á Hornafirði eða um 607 þúsund á hvern íbúa ef núverandi frumvarp hefði verið komið til framkvæmda. Ef við leyfum okkur að umreikna það á hvern íbúa í stærstu byggðarlögum landsins að þá yrðu gjöldin með eftirfarandi hætti:

	Fjöldi íbúa	Veiðigjöld á hvern íbúa í Sveitarfélaginu Hornafirði	Alls veiðigjöld í viðkomandi sveitarfélagi miðað við veiðigjöld í Sveitarfélaginu Hornafirði
Hornafjörður	2143	606.626	1.300.000.000
Reykjavík	118.814	606.626	72.075.688.287
Kópavogur	31.205	606.626	18.929.771.349
Hafnarfjörður	26.486	606.626	16.067.102.193
Akureyri	17.875	606.626	10.843.443.770
Reykjanesbær	14.137	606.626	8.575.874.942
Garðabær	11.283	606.626	6.844.563.696

Á Höfn bjuggu 1.668 íbúar þann 1. janúar 2012 eins og að ofan greinir og veiðigjöld því um 779 þúsund krónur á hvert mannsbarn á Höfn. Samanborið við stærstu þéttbýlisstaði landsins yrðu álögur á hvern íbúa eftirfarandi:

	Fjöldi íbúa	Veiðigjöld á hvern íbúa á Höfn	Alls veiðigjöld í viðkomandi sveitarfélagi miðað við veiðigjöld á Höfn
Höfn	1.668	779.379	1.300.000.000
Reykjavík	118.814	779.376	92.600.839.329
Kópavogur	31.205	779.376	24.320.443.645
Hafnarfjörður	26.486	779.376	20.642.565.947
Akureyri	17.875	779.376	13.931.354.916
Reykjanesbær	14.137	779.376	11.018.045.564
Garðabær	11.283	779.376	8.793.705.036

Veiðigjaldið sem útgerðir á Hornafirði greiddu á fiskveiðiárinu 2011/2012 var 162 m.kr. Núverandi veiðigjald er því að minnsta kosti sjöföldun á núverandi gjaldi sem þó hefur hækkað undanfarin ár. Ef það verður raunin þurfa útgerðir að hagræða, leita leiða til að mæta auknum kostnaði. Það verður ekki gert öðruvísi en með endurskipulagningu veiða og vinnslu sem sannarlega bitnar á sjómönnum og landverkafólki. Í kjölfarið dregur úr eftirspurn eftir annarri þjónustu. Til viðbótar mun þetta draga mjög úr eftirspurn útgerðarinnar í vörur og þjónustu frá fyrirtækjum í viðskiptatengslum við útgerðina, s.s. vélsmiðjur, flutningafyrirtæki og fleiri. Slíkt mun að öllu óbreyttu valda því að íbúum á svæðinu kann að fækka. Það er því óásættanlegt með öllu að leggja svo há gjöld á sjávarútveg í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Það skal líka minna á að bæði af fenginni reynslu og framkomnum nýjum sveitarstjórnarlögum að sveitarfélög skulu ekki gangast í ábyrgðir nema um opinber fyrirtæki sé að ræða. Sveitarfélög hafa því ekki möguleika á að hlutast til uppbyggingu atvinnulífs með beinum hætti. Það er grundvallarþáttur í þróun byggðarlaga að þar liggi fjármagn til frekari uppbyggingar atvinnulífs og sé ekki háð stuðningi ríkis eða staðbundinna stjórnvalda. Jafnframt eru gerðar athugasemdir um að gjaldið renni óskipt í ríkissjóð.

Til frekari samanburðar námu skatttekjur (útsvar og fasteignaskattur) Sveitarfélagsins Hornafjarðar árið 2011 alls 865 m.kr. eða 435 m.kr. lægri upphæð en veiðigjaldið sem renna á nú óskipt í ríkissjóð. Hér verður að hafa í huga að áhrif frumvarpanna munu sjást greinilega í minnkun útsvarstekna, bæði vegna skerðingar aflaheimilda, sem og vegna þeirra hagræðingaraðgerða og róts sem gera verður ráð fyrir að sjávarútvegurinn gangi í gegnum verði af gildistöku laganna.


V. Niðurstaða.

Sveitarfélagið Hornafjörður byggir afkomu sína að verulegu leyti á afkomu í sjávarútvegi. Afkoma greinarinnar er eitt stærsta hagsmunamál íbúa á hverjum tíma. Breytingar á kerfinu, að mati bæjarráðs Hornafjarðar, verða að miða að því að skapa meiri festu fyrir íbúa staðanna, tryggja arðsemi í greininni og áframhaldandi þróun hennar. Frumvörpin sem slík minnka ekki óvissu varðandi framtíðarskipan veiða og vinnslu í sveitarfélaginu.

Í ljósi niðurstaðna af vinnu KPMG og annarra gagna sem sveitarstjórnarmenn hafa kynnt sér hefur bæjarráð Hornafjarðar verulega þungar áhyggjur af þeim breytingum sem kynntar hafa verið á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Ef mál nr. 657 og 658 verða afgreidd frá Alþingi skv. fyrirbyggjandi drögum, munu þau hafa veruleg neikvæð áhrif á grunnatvinnugrein sveitarfélagsins með tilheyrandi fækkun starfa, samdráttar í hinu staðbundna hagkerfi á Hornafirði og eykur því óvissu um framtíðarþróun samfélagsins.

Það er mat bæjarráðs Hornafjarðar að ekki séu forsendur fyrir því að samþykka nógildandi frumvörp óbreytt. Taka þarf mál 657 um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða til gagn Gerrar skoðunar og sníða af þá verulegu meinbugi sem eru á frumvarpinu. Þá þarf að koma til veruleg lækkun á veiðigjaldi eins og það er kynnt í máli nr. 658 um frumvarp til laga um veiðigjöld. Óbreytt lamar það fjárfestingu í sjávarútvegi, kæfir nýsköpun og framþróun greinarinnar og þar með þær byggðir sem byggja afkomu sína að verulegu leyti á sjávarútvegi.

Virðingarfyllst,



Hjalti Þór Vignisson

bæjarstjóri Hornafjarðar

hjaltivi@hornafjordur.is

gsm. 822 7950






cutting through complexity™

Áhrif á aflaheimildir á Sveitarfélagið Hornafjörð

Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.
Þingskjal 1052 - 657

Frumvarp til laga um veiðigjald
Þingskjal 1053 – 658

5. apríl 2012





- Í skýrslu þessari eru dregnar saman athuganir KPMG um áhrif breytinga á lögum um fiskveiðistjórnun sem lögð voru fram á alþingi í mars 2012, á sveitarfélagið Hornafjörð. Er um að ræða tvö þingmál; Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (657. mál) og Frumvarp til laga um veiðigjöld (658. mál).
- Við höfum við stuðst við upplýsingar og gögn sem við höfum aðgang að, auk ýmissa opinberra gagna. KPMG ber ekki ábyrgð á réttmæti allra þessara upplýsinga þar sem við höfum ekki staðfest áreiðanleika þeirra með neinum hætti.
- Við tökum fram að við höfum ekki sannreynt hvort þau gögn sem við höfum fengið séu tæmandi um hvert og eitt atriði. Við höfum gengið út frá því að þau ljósrit sem við höfum fengið afhent, og eftir atvikum útprentanir, séu rétt og gefi rétta mynd af frumriti. Við höfum ekki leitað upplýsinga frá utanaðkomandi aðilum, né kannað áreiðanleika fenginna gagna og upplýsinga hjá slíkum aðilum, nema þess sé sérstaklega getið.
- Ekki verður framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra ytri gagna sem stuðst verður við en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. Athygli lesenda skýrslunnar verður vakin á að slík könnun eða villa í heimildum gætti leitt til annarrar niðurstöðu um verkefnið. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem þannig er aflað né að þær séu tæmandi.
- Gert er ráð fyrir að skýrsla KPMG verði birt opinberlega eftir að hún hefur verið afhent og gerir KPMG ekki athugasemdir við það.
- KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar kunna að vera á grundvelli skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er hjá þeim aðilum er að málinu kunna að koma.
- KPMG fær greitt fyrir verkefnið í samræmi við unnar vinnustundir.

Í tengslum við þessa skýrslu má hafa samband við:

Magnús Jónsson

Endurskoðunarsvið

Partner

KPMG Ísland

magnusjonsson@kpmg.is

Flosi Eiríksson

Fyrirtækjasvið

Verkefnastjóri

KPMG Ísland

feiriksson@kpmg.is

Sigurjón Ö. Arnarson

Endurskoðunarsvið

Verkefnastjóri

KPMG Ísland

sarnarson@kpmg.is

Tel +354 545 6000


Fax +354 545 6003

Um breytingar á stjórn fiskveiða

- Miklar umræður hafa farið fram á undanfönum misserum um skipan fiskveiðistjórnunar við Ísland. Á hálfu fyrrverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra voru lögð fram tvö frumvörp á þingi í maí 2011 (mál nr. 826 og 827) og var annað þeirra, oft kallað í almennri umræðu „minna frumvarpið“ afgreitt sem lög frá Alþingi 19. júní 2011. Hitt frumvarpið kom ekki til efnislegrar meðferðar á þingi.
- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lagði fram þann 26. mars 2012 „Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða“ (þingskjal 1052 – 657. mál). Sem hluta af umfangsmiklum breytingartillögum um umhverfi sjávarútvegs á Íslandi lagði ráðherra einnig fram „Frumvarp til laga um veiðigjöld“. (þingskjal 1053 – 658. mál.).
- Frumvörpin eru nú bæði til meðferðar hjá Alþingi.
- Í tengslum við fyrri hugmyndir um breytingar á fiskveiðistjórnun vann KPMG úttekt á áhrifum þeirra frumvarpa á samfélagið á Hornafirði. Þar var m.a. reynt að meta fjárhagsleg áhrif á breyttri úthlutun aflaheimilda á sveitarsjóð.
- Í þessari stuttu skýrslu er leitast við að draga saman helstu breytingar sem felast í Frumvarpi um stjórn fiskveiða (657. máli) og hvaða áhrif það hefur á aflaheimildir á Sveitarfélagið Hornafjörð. Einnig er horft til áhrifa frumvarps um veiðigjöld.

Meginbreytingar í frumvarpinu

- Meginbreytingin sem felst í frumvarpinu er að aflahlutdeildum er skipt í tvo flokka. Annars vegar flokk 1, „Nýtingarleyfi“ og hins vegar flokk 2 „Önnur aflahlutdeild“. Undir nýtingarleyfi falla núverandi handhafar aflaheimilda en í annarri aflahlutdeild eru aðrar heimildir s.s. heimildir sem ráðstafað er á kvótapiingi, strandveiðiheimildir, bætur og byggðakvóti, línuvílnun, fiskveiðar til eigin nota og frístundaveiðar.



- Hér er að ofan er þessi grunvallarbreyting sett fram með myndrænum hætti.

Meginbreytingar í frumvarpinu

- Framlag til kvótapiðs samanstendur að stórum hluta af fiskveiðiheimilum sem eru innkallaðar hjá núverandi handhöfum aflaheimilda. Auk þess er gert ráð fyrir að ef aukning í heildarveiðiheimildum þorsks verður að þá renni fyrstu 4.500 tonninn óskipt til kvótapiðs en komi ekki til úthlutunar með hlutfallslegum hætti hjá þeim sem nú hafa aflaheimildir.
- Hér að neðan er sýndar veiðiheimildir í flokki II miðað við núgildandi fiskveiðiár og óbreyttar heildarveiðiheimildir skv. VII bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Aflahlutdeild (Flokkur II)			
(þorskígildistonn)	Fiskveiðiárið 2011-2012 ¹	Aflahlutdeild í samræmi við frumvarp	
Strandveiðar	6.665	6.665	
Línuvinnun	5.077	4.655	
Byggðakvóti	6.204	3.100	
Rækju- og skelbætur	2.010	1.340	
Frístundaveiðar	252	335	
Ráðstöfun til kvótapiðs	-	15.500	
– aukning heimilda ²	-	4.500	
Áframeldi þorskur	420	420	
Samtals án aukn.	20.628	32.015	
Samtals með aukn.		36.515	

Ath.¹ Makríl er ekki talinn með.

Ath.² Áætlun aukning heimilda er í samræmi við 3. mgr. 18. greinar.

- Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um starfsemi kvótapiðs í reglugerð en þar er meðal annars heimilt að kveða á um: hámarks magn sem hver aðili getur boðið í og skiptingu milli tímabila. Einnig um fjármál, tryggingar, lágmarksverð, greiðslumiðlun og fleira.
- Eins og sjá má á ofangreindri töflu er samdráttur í ráðstöfun til línuvinnunar, byggðakvóta og rækju- og skelbóta. Auk þess eykst til að mynda ekki strandveiðiúthlutun þó gert sé ráð fyrir aukningu heildarheimilda.
- Á kvótapiðgi yrði fast að 20.000 tonnum ráðstafað (m. aukningu) til samanburðar má nefna að heildarheimildir Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir yfirstandandi fiskveiðiár í þorskígildistönum eru 17.083 tonn.
- Ekki liggur fyrir hvaða áhrif kvótapiðing mun hafa á verðmyndun á aflaheimildum.

Veiðheimildir útgerða á Hornafirði

- Í töflunni hér fyrir neðan eru dregnar saman heimildir sem útgerðir heimilisfastar í Sveitarfélaginu Hornafirði eru með. Byggt er á úthlutun fyrir kvótaárið 2011 – 2012 að óbreyttum lögum.
- Ekki er tekið sérstakt tillit til þeirra breytinga sem lög nr. 70/2011 sem samþykkt voru 19. júní síðastliðinn höfðu í för með sér. Hér er verið að draga fram breytinguna frá óbreyttu kvótakerfi til þess frumvarps er núna liggur fyrir.

Aflaheimildir útgerða á Hornafirði - Núgildandi lög.					
Tegund	Heildar afla- heimildir	Hlutfall útgerða á Hornafirði	Hluti í tonnum	Þorskígildi	
Þorskur	177.000	3,7%	5.144	5.144	
Ýsa	45.000	3,8%	1.334	1.188	
Ufsi	52.000	3,9%	1.629	1.026	
Karfi	40.000	0,8%	313	222	
Djúpkarfi	12.000	0,3%	31	26	
Keila	7.000	1,4%	85	32	
Langa	9.000	3,4%	243	134	
Grálúða	13.000	0,7%	79	167	
Skötuselur	2.500	11,0%	248	389	
Skarkoli	6.500	4,7%	279	190	
Steinbítur	10.500	3,2%	269	223	
Langlúra	1.300	6,2%	74	40	
Sandkoli	500	5,2%	24	6	
Skráþflúra	200	17,4%	32	9	
Þykkvalúra	1.800	4,1%	68	78	
Sild	43.022	18,9%	8.127	1.056	
Loðna	591.371	8,1%	48.114	4.811	
Kolmunn	63.448	0,4%	253	33	
Norsk ísl-sild	99.365	9,0%	8.914	1.426	
Norsk ísl-sild 2	22.491	9,0%	2.018	323	
Þorskur Noregur	6.895	-	-	-	
Þorskur-rússland	4.310	-	-	-	
Úhafskarfi	9.926	-	-	-	
Úthafs-rækja	-	-	-	-	
Innfjarðarrækja	-	-	-	-	
Hörpudiskur	-	-	-	-	
Humar	2.100	30,5%	197	858	
Samtals		6,3%		17.379	

Veiðheimildir skv. frumvarpi

Breytingar

- Í töflunni eru dregnar fram þær breytingar sem verða á aflaheimildum útgerða í Sveitarfélaginu Hornafirði samræmi við framkomið frumvarp.
- Eins og sjá má dragast heimildir saman um 640 þorskígildistonn eða 3,8 %.
- Til samanburðar má nefna að í skýrslu KPMG um áhrif laga nr.70/2011 var gert ráð fyrir að aflaheimildir myndu dragast saman um 3,0% strax á fyrsta ári og samdrátturinn gæti numið allt að 581 þorskígildistonnum þegar áhrif þess væru að fullu komin til framkvæmda.

Aflaheimildir útgerða á Hornafirði - í samræmi við ný lög

Tegund	Heildar aflaheimildir	Frád. skv. Frumvarpi	Aflaheimildir	Hlutfall útgerða á Hornafirði	Hluti í tonnum	Þorskígildi	Samdráttur í tonnum	Samdráttur í þorskígildum
Þorskur	177.000	-16.815	160.185	3,7%	5.025	5.025	-119	-119
Ýsa	45.000	-3.105	41.895	3,8%	1.351	1.202	16	15
Ufsi	52.000	-3.744	48.256	3,9%	1.595	1.005	-34	-21
Karfi	40.000	-2.120	37.880	0,8%	296	210	-17	-12
Djúpkarfi	12.000	-636	11.364	0,3%	29	24	-2	-1
Keila	7.000	-371	6.629	1,4%	81	30	-5	-2
Langa	9.000	-477	8.523	3,4%	230	127	-13	-7
Grálúða	13.000	-689	12.311	0,7%	75	158	-4	-9
Skötuselur	2.500	-133	2.368	11,0%	234	368	-13	-21
Skarkoli	6.500	-345	6.156	4,7%	264	180	-15	-10
Steinbítur	10.500	-1.029	9.471	3,2%	275	229	7	6
Langlúra	1.300	-69	1.231	6,2%	70	38	-4	-2
Sandkoli	500	-27	474	5,2%	23	6	-1	-0
Skráþflúra	200	-11	189	17,4%	30	8	-2	-0
Þykkvalúra	1.800	-95	1.705	4,1%	65	74	-4	-4
Síld	43.022	-2.280	40.742	18,9%	7.696	1.001	-431	-56
Loðna	591.371	-31.343	560.028	8,1%	45.564	4.556	-2.550	-255
Kolmunn	63.448	-3.363	60.085	0,4%	240	31	-13	-2
Norsk ísl-síld	99.365	-5.266	94.099	9,0%	8.442	1.351	-472	-76
Norsk ísl-síld 2	22.491	-1.192	21.299	9,0%	1.911	306	-107	-17
Þorskur Noregur	6.895	-365	6.530	-	-	-	-	-
Þorskur-rússland	4.310	-228	4.081	-	-	-	-	-
Úhafskarfi	9.926	-526	9.400	-	-	-	-	-
Úthafsækja	-	-	-	-	-	-	-	-
Innfjarðarrækja	-	-	-	-	-	-	-	-
Hörpudiskur	-	-	-	-	-	-	-	-
Humar	2.100	-111	1.989	30,5%	187	812	-10	-45
Samtals	-	-	-		73.682	16.740	-3.792	-640

Um töfluna

- Í fremsta dálknum eru heildaraflaheimildir í samræmi við núverandi lög, í dálki 2 er frádrag í einstökum tegundum, í þriðja dálki aflaheimildir eins og þær munu standa. Hlutfall Sveitarfélagsins Hornafjarðar er síðan notað til að reikna út hluta útgerða á Hornafirði.
- Síðustu tveir dálkarnir sýna síðan samdráttinn, annars vegar í tonnum og hins vegar í þorskígildum.

Áhrif á Sveitarfélagið Hornafjörð

- Eins og fram kom hér að fram er gert ráð fyrir að aflaheimildir í Sveitarfélaginu Hornafirði skerðist um 640 þorskígildistonn. Til að meta þau áhrif er reynt að leggja mat á kostnað fyrir viðkomandi útgerðir við að leggja til sín þær heimildir á kvótaþingi.
- Miðað er við eftirfarandi forsendur:
- Útgerðaraðilar þurfa að leigja til sín 641 tonn til að vera jafnstæðir.
- Miðað er við kaupverð á aflaheimildum þorski skv. opinberum upplýsingum

Kostnaður útgerða á Hornafirði

Magn (tonn)	Verð (kr)	Heildarverð (m.kr.)
640	300	191.857

- Til að halda óbreyttum heimildum þyrftu útgerðir á Hornafirði að greiða tæpar 200 m.kr. miðað við ofangreindar forsendur. Nauðsynlegt er að hafa í huga að erfitt er að spá um hvernig verð mun þróast á kvótaþingi, almennt sem og í einstökum tegundum sem myndi hafa mikil áhrif á þessa fjárhæð en hér er miðað við leiguverð á kg. af þorski sé það sama og þorskígildis.
- Ekki er vitað hvaða takmarkanir á framsali heimilda ráðherra mun setja vegna viðskipta á fyrirhuguðu kvótaþingi.

Kostnaður við veiðigjöld

- Í fyrirbyggjandi frumvarpi eru veiðigjöld lögð á með tvennum hætti. Annars vegar grunnveiðigjald og hins vegar sérstakt veiðigjald sem verður tengt áætlaðri rentu.

Veiðigjöld - Forsendur

Aflaheimildir

Aflaheimild - Botnfiskur	9.495
Aflaheimild - Uppsjávarf.	7.244
Aflaheimild alls	16.740

Fast gjald

Fast gj. pr. kg.	8
Fast gjald - Botnfiskur	75.963
Fast gjald - Uppsjávarf.	57.956
Fastgjald alls	133.919

- Í mati KPMG er miðað við þær aflaheimildir sem sýndar eru í töflunum hér að framan og eru heimildir í Makríl ekki inn í þeim heimildum til að gera samanburðinn betri.
- Fjallað er nánar um makríl hér að aftan.

Áhrif á Hornafirði

- Hér að neðan er hægt að sjá áhrif breytinga í afkomu útgerðar og vinnslu á upphæð veiðigjaldsins.

Áhrif breytinga á afkomu á veiðigjald					
Botnfiskur					
<i>Veiðigjald pr. Kg.</i>	0	20	40	60	80
Fast gjald	75.963	75.963	75.963	75.963	75.963
Sérstakt veiðigjald	0	189.909	379.817	569.726	759.634
Samtals	75.963	265.872	455.781	645.689	835.598
Uppsjávarfiskur					
<i>Veiðigjald pr. Kg.</i>	20	40	60	80	100
Fast gjald	57.956	57.956	57.956	57.956	75.963
Sérstakt veiðigjald	144.889	289.779	434.668	579.557	724.447
Samtals	202.845	347.734	492.624	637.513	800.410
Veiðigjöld alls	278.809	613.606	948.404	1.283.202	1.636.008

- Fast veiðigjald á Hornafirði er samtals 134 m.kr.
- Í neðri töflunni má síðan sjá áhrif af mismunandi veiðigjaldi eftir því hvort eru um botnfisk eða uppsjávartegundir að ræða. Ef til að mynda veiðigjald í botnfiski er 40 kr. og í uppsjávarfiski 60 krónur er heildar veiðigjöld á Hornafirði (veiðigjald + sérstakt veiðigjald) um 950 millj.kr.
- Hækkun á veiðigjaldi um 10 kr. á kíló í báðum flokkum leiðir til rúmlega 160 m.kr. hækkunar á veiðigjaldi.
- Skv. 11. gr. frumvarpsins um veiðigjald renna tekjur af veiðigjöldum óskipt í ríkissjóð.

Veiðigjöld fyrir 2010	
	kr.
Sérstakt veiðigj. Botnf.	50
Sérstakt veiðigj. Uppsjávarf.	75
Veiðigjald+sérstakt veiðigj. Botnf.	550.735
Veiðigjald+sérstakt veiðigj. Uppsjávarf.	601.291
Samtals	1.152.026

- Í frumvarpinu kemur fram að sérstök veiðigjöld fyrir árið 2010 eru rúmlega 50 kr. á kg. í bolffiski og rúmlega 75 kr. á kg. í uppsjávarfiski.
- Í töflunni hér fyrir neðan eru veiðiheimildir í makríl á Hornafirði fyrir 2011 og áætlað veiðigjald af þeim. Gert er ráð fyrir 80. kr. á kílóíð í sérstakt veiðigjald.

Makrílkvóti 2011 - Veiðigjald á Hornafirði	
Kvóti	7.765
<i>Hlutfall af heildarkvóta</i>	4,8%
Þorskígildi	1.708
Veiðigjald 8 kr.	13.667
Sérstakt veiðigjald 80 kr.	136.667
Samtals	150.334

- Til samanburðar má geta þess að áætlað veiðigjald fiskveiðiárið 2011/2012 er 162 millj. kr. og 16 milj. kr. fyrir makríl 2011.

Áhrif á Sveitarfélagið Hornafjörð

Hlutur sveitarfélaga

- Gert er ráð fyrir að tekjum af útleigu veiðiheimilda verði deilt milli ríkissjóðs, sveitarfélaga og markaðs- og þróunarsjóðs fyrir sjávarútveginn (40%, 40%, 20%)
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig deila á niður hlutum einstakra sveitarfélaga. Hér að neðan er sett fram sú aðferð að deila mögulegum tekjum niður í samræmi við íbúafjölda.
- eru sýndar tvær útfærslur, annars vegar jafnað niður á alla íbúa og hins vegar niður á íbúa utan höfuðborgarsvæðisins.

Tekjur af leigukvóta - Hornafjörður			
	Forsendur	Verð á kíló (kr)	
		200	300
Leigupottur	15.500	3.100.000	4.650.000
Leigupottur m. aukn.	20.000	4.000.000	6.000.000
Hlutur sveitarfélaga	40%		
Leigupottur		1.240.000	1.860.000
Leigupottur m. aukn.		1.600.000	2.400.000
Heildaríbúafjöldi	319.412		
Íbúafjöldi utan höfuðb	116.246		
Hornafjörður	2.141		
% af heildaríbúafjöldi:	0,67%		
Leigupottur		8.312	12.467
Leigupottur m. aukn.		10.725	16.087
% af íbúum utan höf	1,84%		
Leigupottur		22.838	34.257
Leigupottur m. aukn.		29.469	44.203

- Vakin er athygli á að hér er um eina nálgun að ræða og óvissa er um þá fjárhæð sem útleigan mun skila auk þess sem ekki liggur fyrir hvernig deila skal henni niður á einstök sveitarfélög. Taflan gefur gagnlega vísbendingu um mögulegar fjárhæðir.
- Setja má fram fyrirvara við það að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu myndi sætta sig við það að fá engan hlut í leigugjaldinu.
- Hlutur sveitarfélagsins Hornafjarðar miðað við ofangreindar forsendur er frá 8 m.kr. til 44 m.kr.
- Ekki hefur verið ráðist í það að greina áhrif frumvarpsins á útsvarstekjur sveitarfélagsins en vísað er skýrslu KPMG um áhrif laga nr. 70/2011.
- Bent er á að hér er um meiri samdrátt í aflaheimildum að ræða en þar var gert ráð fyrir auk þess sem álögur á fyrirtæki í sjávarútvegi aukast umtalsvert. Ekki liggur fyrir hvaða áhrif það mun hafa á rekstur þeirra og starfsemi en ætla má að þau verði margvísleg sem muni endurspeglast í tekjum sveitarfélagsins.



cutting through complexity™

© 2012 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative ("KPMG International"), svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn, kennimark og "cutting through complexity" eru skráð vörumerki KPMG International Cooperative ("KPMG International").